



HRUNAMANNAHREPPUR

16. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 9. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 9. SEPTEMBER

2015 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 9. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Valdís Magnúsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.
2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2015.
3. Vínbúðin: Ósk um stækkun vínúðarinnar á Flúðum.
4. Skilti við heimreiðar.
5. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni fyrir nýtt rekstrarleyfi að Jaðri II um gististað í flokki II.
6. Þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks: Úttekt vegna aðgengis í opinberum byggingum.
7. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Tvöföld leikskólavist.
8. Stjórnarfundur SASS 2. október á Flúðum.
9. Gjaldskrá í íþróttahúsið og sundlaugina á Flúðum.
10. Þjóðarsáttmáli um læsi: Undirritun.
11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um fasteignaskatt o.fl á mannvirki tengd ferðaþjónustu.
12. Upplýsingar um nýtingu íbúðarhúsnæðis í Hrunamannahreppi.
13. N4: Að sunnan.
14. Minnisblað vegna tólmstundastyrkja.
15. Hugmyndasamkeppni um nafn á „garðinn“ á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 13. júlí 2015.
17. Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 28. ágúst s.l.
18. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 27. ágúst s.l.
19. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 28. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

20. Fundargerð 95. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 27. ágúst s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.
Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.
21. Fundargerð 25. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. frá 27. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 12. ágúst s.l.
- b. SASS: Fundargerð 496. fundar stjórnar frá 7. ágúst s.l.
- c. Tónlistarskóli Arnesinga: Fundargerð 173. fundar fagráðs frá 1. september s.l.

Kynningarmál:

- d. Skipulagsstofnun: Hvammsvegur.
- e. Sunnlenski skóladagurinn 2016.
- f. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um tillögur Mannvirkjastofnunar að skoðunarhandbókum.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um hagsmunagæslu sambandsins gagnvart Alþingi.
- h. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu laga um grunnskóla nr. 91/2008.

- i. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla nr. 90/2008.
- j. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð frá 6. ágúst, Högnastígur gatnagerð.
- k. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru.
- l. Umhverfisstofnun: Viðauki við samning Umhverfisstofnunar um refaveiðar 2014-2016.
- m. Barnaheill: Áskorun til stjórnvalda um að tryggja börnum rétt sinn til að stunda grunnnám án endurgjalds.
- n. Landsvirkjun: Virkjunarhugmyndir í Stóru Laxá.

Fundur framundan:

- o. Skipulagsdagurinn: Haldinn 17. september á Hótel Hilton.
- p. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands: Haldinn 23. september á Grand Hótel.
- q. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Haldinn 23. september á Hótel Hilton.
- r. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna: Haldin 24-25. september á Hótel Hilton.
- s. SASS: Fundur með stjórn SASS á Flúðum 2. október n.k.
- t. Skólalag sveitarfélaga 2015: Haldinn 2. nóvember 2015 á Hótel Hilton.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**
Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag verður á launaliði sveitarfélagsins vegna áhrifa nýrra kjarasamninga og einnig verður fjárfesting meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
2. **Viðaukar við fjárhagsáætlun 2015.**
Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2015. Tekjur hækka um kr. 9.900.000 og útgjöld um kr. 9.500.000. Einnig er fjárfesting augin um kr. 15.772.000.000 vegna framkvæmda við gatnagerð, vatnsveitu, fráveitu, bifreiðarkaupa og framkvæmda við íþróttahús. Jafnframt hefur verið tekið tillit til rauntalna vegna ársreiknings 2014. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 25.987.000 í stað 24.378.000. Útgjaldaaukningu vegna fjárfestinga og til að styrkja handbært fé A-hluta sveitarsjóðs skal mætt með lántöku. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2015.
3. **Vínbúðin: Ósk um stækkun vínbúðarinnar á Flúðum.**
Oddviti kynnti bréf frá ÁTVR þar sem óskað er eftir að kaupa eða leigja allt húsnæðið að Akurgerði 4 til stækkunar á Vínbúðinni Flúðum. Oddviti og sveitarstjóra falið að ræða við ÁTVR um mögulegar lausnir í málinu.
4. **Skilti við heimreiðar.**
Oddviti kynnti erindi þar sem spurt er hvort sveitarfélagið taki þátt í kostnaði á móti Vegagerðinni vegna uppsetninga á nýjum skiltum við heimreiðar. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði við að búa til bæjarskilti við heimreiðar í Hrunamannahreppi. Einnig verði gert átak í að bæta merkingar í sveitarfélaginu.
5. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni fyrir nýtt rekstrarleyfi að Jaðri II um gististað í flokki II.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi gististaðar í sumarhúsi að Jaðri II. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti en óskar eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út.
6. **Þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks: Úttekt vegna aðgengis í opinberum byggingum.**
Oddviti kynnti bréf frá Þjónusturáði Suðurlands þar sem kynnt er átak í úttektum á aðgengi fatlaðs fólks í opinberum byggingum á þjónustusvæðinu. Sveitarstjórn telur að sveitarfélagið sé búið að framkvæma umræddar úttektir þannig að ekki sé þörf á sérstakri úttekt á stofnunum Hrunamannahrepps.
7. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Tvöföld leikskólavist.**
Oddviti kynnti bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig brugðist hafi verið við beiðni um tvöfalda leikskólavist og hvernig fyrirkomulag hafi verið um þau mál. Sveitarstjórn felur leikskólastjóra og sveitarstjóra að svara erindinu.

8. **Stjórnarfundur SASS 2. október á Flúðum.**
Oddviti kynnti erindi frá stjórn SASS um að halda stjórnarfund SASS á Flúðum og síðan fund með sveitarstjóra og kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins að honum loknum. Sveitarstjórn fagnar því að stjórn SASS skuli funda með aðildarsveitarfélögunum og biður hana velkomna á Flúði 2. október n.k.
9. **Gjaldskrá í íþróttahúsið og sundlaugina á Flúðum.**
Oddviti fór yfir þörf á því að endurskoða gjaldskrá íþróttahúss og sundlaugar á Flúðum, m.a. vegna stækkun íþróttahússins og aukna notkunarmöguleika þessi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja grunn að nýrri gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að innheimt verði 25% álag vegna húsnæðiskostnaður á æfingagjöld barna sem æfa á vegum UMFH. Hrunamannahreppur styrkir börn sem búsett eru í sveitarfélaginu um þá fjárhæð.
10. **Þjóðarsáttmáli um læsi: Undirritun.**
Oddviti kynnti fyrirhugaða hringferð Mennta- og menningarmálaráðherra um landið til að undirrita með fulltrúum sveitarfélagana, þjóðarsáttmála um læsi. Fyrirhugað er að undirritun fyrir þetta svæði verði að Odda á Rangárvöllum 14. september kl. 10:00. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir að taka þátt í því og felur oddvita/sveitarstjóra að undirrita sáttmálann.
11. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um fasteignaskatt o.fl. á mannvirki tengd ferðaþjónustu.**
Oddviti kynnti minnisblað um fasteignaskatt o.fl. á mannvirki tengd ferðaþjónustu frá Lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.
12. **Upplýsingar um nýtingu íbúðarhúsnæðis í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti samandregnar tölur yfir notkun á íbúðarhúsnæði í Hrunamannahreppi 2015. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að því við álagningu fasteignagjalda að gjaldflokkar endurspegli notkun húsnæðisins.
13. **N4: Að sunnan.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá sjónvarpsstöðinni N4 til sveitarfélaga á Suðurlandi um gerð fleiri þátta um svæðið og hvort sveitarfélagið vilji taka þátt í því. Sveitarfélagið samþykkir að taka þátt í verkefninu.
14. **Minnisblað vegna tórstundastyrkja.**
Oddviti kynnti minnisblað frá sveitarstjóra þar sem farið er yfir stuðning sveitarfélagsins til tórstundastarfa barna á grunnskólaaldri og hvernig fyrirkomulag önnur sveitarfélag hafa á þessu. Sveitarstjórn mun taka ákvörðun um hvort tórstundastyrkir verði teknir upp við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
15. **Hugmyndasamkeppni um nafn á „garðinn“ á Flúðum.**
Oddviti kynnti hugmynd um að haldinn yrði hugmyndasamkeppni um nafn á „garðinn“ á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði hugmyndasamkeppni um nafn á garðinni. Tillögum skal skilað til skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 1. október n.k. á skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfangið hruni@fludir.is. Fimm manna dómnefnd mun síðan velja nafn á garðinn úr tillögunum sem koma fram. Dómnefndina skipa fulltrúi frá UMFH, Kvenfélagi Hrunamannahrepps, Skógræktarfélagi Hrunamanna, fulltrúi frá LÍS (Flúðaskóla) og fulltrúi Hrunamannahrepps. Fulltrúi Hrunamannahrepps í hópnum verður Valdís Magnúsdóttir.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 13. júlí 2015.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar Ferða- og menningarnefndar. Farið var yfir breytingar á dagskrá um verslunarmannahelgina 2015. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þakkar nefndinni góð störf við skipulagningu dagskrár um verslunarmannahelgina.
17. **Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 28. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar skólanefndar Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólalastjóra, innra mat og umbótaáætlun, bréf frá Menntamálastofnun þar sem óskað er eftir skýringum á fjarveru nemenda í samræmdum prófum í stærðfræði 2014. Kynnt var bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um þjóðarsáttmála um læsi og samningur um afnot af spjaldtölvum.

18. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 27. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólustjóra og breytingar á launalið vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2015. Kynnt var skýrsla sem unnin var á vegum Námsmatsstofnunar um ytra mat á leikskólanum. Þá var farið yfir umsókn var um undanþágu vegna vistunar 12 mánaða barns. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

19. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 28. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála. Nýr starfsmaður, Maja Roldsgaard hefur tekið við og kynnti hún fyrirhugaða starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero næsta vetur. Þá var fjallað um drög að samþykktum fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Skólaráð leggur til að drögin verði endurskoðuð, þannig að tryggt verði að einn fulltrúi komi frá Félagsmiðstöðinni Zero og einn til vara. Sveitarstjórn býður nýjan forsvarsmann velkomin til starfa og samþykkir fundargerðina. Samþykktir um Ungmennaráð Hrunamannahrepps verða teknar fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

20. Fundargerð 95. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 27. ágúst s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 95. fundar skipulagsnefndar frá 27. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.

21. Fundargerð 25. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. frá 27. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 27. ágúst s.l. en þar farið yfir starfsmannamál.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 12. ágúst s.l. Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 496. fundar stjórnar frá 7. ágúst s.l. Lagt fram til kynningar.

c. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 173. fundar fagráðs frá 1. september s.l. Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. Skipulagsstofnun: Hvammsvegur. Lagt fram til kynningar.

e. Sunnlenski skóladagurinn 2016. Lagt fram til kynningar.

f. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um tillögur Mannvirkjastofnunar að skoðunarhandbókum. Lagt fram til kynningar.

g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um hagsmunagæslu sambandsins gagnvart Alþingi. Lagt fram til kynningar.

h. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu laga um grunnskóla nr. 91/2008. Lagt fram til kynningar.

i. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla nr. 90/2008. Lagt fram til kynningar.

j. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð frá 6. ágúst, Högnastígur gatnagerð. Lagt fram til kynningar.

k. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru. Lagt fram til kynningar.

l. Umhverfisstofnun: Viðauki við samning Umhverfisstofnunar um refaveiðar 2014-2016. Lagt fram til kynningar.

m. Barnaheill: Áskorun til stjórnvalda um að tryggja börnum rétt sinn til að stunda grunnskólunám án endurgjalds. Lagt fram til kynningar.

n. Landsvirkjun: Virkjunarhugmyndir í Stóru Laxá. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- o. Skipulagsdagurinn: Haldinn 17. september á Hótel Hilton.** Lagt fram til kynningar.
- p. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands: Haldinn 23. september á Grand Hótel.** Lagt fram til kynningar.
- q. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Haldinn 23. september á Hótel Hilton.** Lagt fram til kynningar.
- r. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna: Haldin 24-25. september á Hótel Hilton.** Lagt fram til kynningar.
- s. SASS: Fundur með stjórn SASS á Flúðum 2. október n.k.** Lagt fram til kynningar.
- t. Skólaþing sveitarfélaga 2015: Haldinn 2. nóvember 2015 á Hótel Hilton.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45.